

Dalvíkurskóli, Naustaskóli og Þelamerkurskóli

Gerum gott betra

-Þjónusta fyrir nemendur með fjölbreyttar þarfir-



Lokaskýrsla til Sprotasjóðs skólaárið 2018-2019

Verkefnisstjóri: Sigríður Guðmundsdóttir

Nafn verkefnisins: Gerum gott betra.

Nafn skóla: Þelamerkurskóli, Naustaskóli og Dalvíkurskóli

Verkefnisstjóri: Sigríður Guðmundsdóttir.

Skólastjóri: Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir.

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: UMS-22.

Markmið verkefnisins:

1. *Að bæta þjónustu við nemendur með sértæka námsferiðleika og námsaðlögun.*
2. *Að innleiða formlegt mat á framvindu náms, líðan og hegðun nemenda sem fá námsaðlögun.*
3. *Að auka hlut náms sem byggir á að efla virkni og færni hjá nemendum með sértæka námsörðugleika þar sem áhugi þeirra og styrkleikar eru nýttir til að stýra námsframvindunni.*

Leiðin að markmiðunum:

Verkefnið stóð yfir skólaárið 2018-2019 og lauk formlega með málþingi haustið 2019. Settur var á fót stýrihópur sem samanstóð af aðilum úr hverjum þáttökuskóla; iðjupjálfi frá Þelamerkurskóla, iðjupjálfi og þroskajálfi frá Dalvíkurskóla og þroskajálfi/iðjupjálfi frá Naustaskóla. Samarið og haustið 2018 var nýtt í áætlanagerð og skipulagningu á starfi vetrarins.

Til að ná settum markmiðum var unnið eftir ákveðnu vinnuferli sem innihélt eftirfarandi verkþætti; *skjólstæðingsvinna, málstofa, rýnifundir og málþing.*

Skjólstæðingsvinna:

Hver skóli valdi einn skjólstæðing og fjölskyldu til að fylgja eftir og vinna með allan veturinn. Unnið var eftir vinnulagi starfendarannsókna þar sem fagaðilar settu upp skýr markmið í formi rannsóknarspurninga í tengslum við hvert skjólstæðingsmál. Hver þáttökuskóli valdi sér skjólstæðing sem var með skerta færni í skólatengdum athöfnum og hafði þörf fyrir einhvers konar íhlutun og þjónustu stoðteymis skólanna. Reglulegir teymisfundir voru haldnir yfir veturinn þar sem farið var yfir málefni nemandans og sátu foreldrar, kennarar og aðrir fagaðilar þá fundi. Í upphafi var mat lagt á þjónustupörf og vandinn kortlagður með ýmis konar matsaðferðum, auk markmiðssetningar og áætlanagerðar. Unnið var að þessum markmiðum allan veturinn með fjölbreyttum aðferðum og íhlutunarleiðum.

Málstofa:

Um miðjan október var haldin málstofa þar sem mættu um 40 manns frá 12 skólum á Eyjafjarðarsvæðinu og úr Þingeyjarsveit. Markmiðið með málstofunni var að fá utanaðkomandi aðila til að kynna aðferðir og formleg matstæki til að nota í skólastarfinu, í þeim tilgangi að koma til móts við þarfir nemenda sem þurfa einhvers konar aðlögun/íhlutun. Fyrirlesarar málstofunnar komu frá ólíkum fagstéttum, m.a úr háskólasamfélaginu og stoðþjónustu grunnskóla og sveitarfélaga. Þeir þættir sem fyrirlesarar málstofunnar komu inn á voru; líðan og hegðun nemenda, færni þeirra og virkni og framvinda náms.

Rýnifundir:

Haldnir voru fjórir rýnifundir yfir veturinn og var sá fyrsti haldinn í fyrri hluta nóvembermánaðar. Á fyrsta fundi kynnti Birna Svanbjörnsdóttir lektor við kennaradeild HA aðferðir starfendarannsókna. Einnig kynnti hún Manitoba hringinn, sem er heildræn nálgun stoðkerfa innan og utan skóla til að mæta fjölbreyttum þörfum nemenda. Birna kenndi auk þess ákveðið vinnulag á rýnifundum eftir sænskri fyrirmynd. Það byggir á vel römmuðu fyrirkomulagi funda, þar sem hver og einn fundargestur fær einungis ákveðinn tíma til að koma með endurgjöf í formi spurningar, veita ráð og gefa gullkorn. Þátttakendur þessa fyrsta fundar var stýrihópur verkefnisins.

Næstu þrjár rýnifundir voru nýttir til að rýna í skjólstæðingsmál hvers þátttökuskóla. Á þeim fundum sátu, auk stýrihópsins, aðilar frá þátttökuskólunum, auk aðila frá öðrum skólum sem koma að ýmis konar stoðþjónustu við nemendur. Hver skóli fékk einn rýnifund til að kynna sína skjólstæðingsvinnu og fékk svo endurgjöf í formi þess vinnulags sem Birna kynnti á fyrsta rýnifundi.

Málþing:

Við lok verkefnisins var haldið málþing í menningarhúsinu Hofi þann 9. október 2019 og var markmið þess að draga saman vinnu vetrarins og miðla þeim lærdómi til allra þeirra sem láta sig vellíðan nemenda og skólamál varða. Aðalfyrirlesarar málþingsins voru tveir fagaðilar frá hollenska skólanum De Wijnberg, sem er sérskóli fyrir nemendur með hegðunar- og tilfinningavanda, en heimsókn nokkurra aðila úr Þelamerkurskóla þangað varð kveikjan að þessu verkefni. Eftir samantekt og kynningu skólanna þriggja á skjólstæðingsmálum sínum, þar sem aðferðum starfendarannsókna var beitt, fóru fram pallborðsumræður. Pallborðið sátu aðilar sem tengjast skólamálum á breiðum grunni og fylgdu þeir vinnulagi rýnifundanna, þ.e. voru með eina fyrirspurn bæði til þátttakenda þróunarverkefnisins og til salarins, eitt gullkorn og eitt ráð. Góðar umræður spunnust í kjölfarið, m.a. um mikilvægi þverfaglegrar stoðþjónustu í skólum og að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir til að auka lífsgæði þeirra og bæta líðan.

Frávik miðað við áætlun og helstu hindranir:

Stýrihópur verkefnisins fann fljótt að hugtakið *sértækir námserfiðleikar* setti þeim ákveðnar skorður, þar sem mikill meirihluti skjólstæðinga þeirra er ekki innan þess ramma samkvæmt almennri skilgreiningu. Samdóma álit allra var að markmið verkefnisins skyldi ná yfir fjöldann, ekki bara ákveðinn hóp nemenda. Því var tekin sú ákvörðun að taka þetta hugtak út og vinna *almennt* að því að bæta þjónustu við nemendur sem þurfa námsaðlögun á einhvern hátt.

Hvað varðar innleiðingu á formlegu mati þá var ekki farið í slíkt heldur voru nýttar ýmsar aðferðir til að meta og kortleggja leiðir í heildrænni nálgun á skjólstæðingsmálunum. Bæði var notast við nýjar aðferðir sem kynntar voru á málstofunni, auk þess sem eldri matsaðferðir voru nýttar.

Breytingar urðu á þátttakendum frá einum af þáttökuskólunum sem varð þess valdandi að sá skóli þurfti að byrja með nýtt skjólstæðingsmál á miðju tímabili og komst þar af leiðandi styttra á leið með sína vinnu. Hins vegar hafði þessi breyting takmörkuð áhrif á verkefnið í heild sinni og hélst vinnuferli vetrarins óbreytt.

Samstarf við aðila innan og utan veggja þáttökuskólanna gekk að mestu vel en þó misvel. Hjá einstaka samstarfsfélögum vantaði upp á jákvæðni og samstarfsvilja í skjólstæðingsvinnunni, auk þess sem takmörkuð þekking á starfi iðjupjálfa í grunnskólum hafði áhrif á framvindu þjálfunar. Þessir þættir höfðu áhrif á teymisvinnuna þar sem vantaði m.a. upp á að ábyrgð væri deilt innan teymisins og að sameiginleg markmið væru sett og fylgt eftir. Þessi frávik sýndu hversu mikilvægt er að eiga í góðu samstarfi innan teymisins til þess að ná sem bestum árangri varðandi framvindu náms, líðan og hegðun skjólstæðingsins.

Aðilum frá utanaðkomandi stoðþjónustu þáttökuskólanna var boðið að taka þátt í málstofu og rýnifundum en sáu sér ekki fært að vera með.

Ávinningur af verkefninu:

Kennarar eru, enn sem komið er, í miklum meirihluta í grunnskólum landsins. Stoðþjónustan innan hvers skóla er mismikil og með mismunandi fagstéttir innanborðs. Með þessu þróunarverkefni er leitast við að samræma vinnubrögð og styrkja starf stoðþjónustunnar til að koma til móts við fjölbreyttar þarfir nemenda.

Aðferðir starfendarannsókna og verklag rýnifunda nýttust vel við að greina þá skjólstæðingsvinnu sem þáttökuskólarnir unnu að í vetur. Sú rýni sem skólarnir fengu frá stýrihópnum og frá utanaðkomandi aðilum um hvað var vel gert og hvað mátti gera betur var mjög gagnleg og nytsamleg. Auk þess komu fram góðar og hagnýtar ábendingar

sem munu nýtast við vinnu að fyrstu drögum að *gátlista*. Þeim gátlista er ætlað að ramma inn stoðþjónustu grunnskólanna þar sem m.a. markmið skjólstæðingsvinnunnar koma fram, hvað sé búið að gera, hverjir hafi komið að málum og hvert sé framhaldið. Þessum gátlista er ætlað veita heildaryfirsýn yfir málefni nemandans og samræma vinnubrögð allra sem koma að málinu.

Þátttökuskólar verkefnisins hafa mikinn hug á frekara samstarfi, sem m.a. felur í sér að þróa gátlistann frekar og kafa dýpra í hugmyndafræðina á bak við stoðþjónustu skóla.

Fjölbreytt erindi málstofunnar í upphafi verkefnisins, um ýmis konar matstæki og aðferðafræði, hafa nýst stýrihópnum vel í starfi og er einn þátttökuskóli að innleiða notkun formlegs matstækis sem metur hegðun og líðan. Einnig er áhugi hjá þátttökuskólunum að kynna sér frekar aðferðafræði um aukna samskiptafærni nemenda og hvernig hægt er að vinna að betri líðan með streitustjórnun og núvitund.

Mat samkvæmt umsókn og niðurstöður:

Þróunarverkefni þetta á sér fyrirmynd í viðurkenndum erlendum skóla sem sérhæfir sig í námi og stuðningi við nemendur sem fylgja ekki venjulegri námsframvindu eða búa við erfiðar aðstæður og hafa þ.a.l. þörf fyrir námsaðlögun. Þar á bæ er komið til móts við þarfir nemenda á fjölbreyttan hátt, líkt og þátttakendur þessa verkefnis leitast við að gera með sínum nemendum. Verkefnið er samstarfsverkefni þriggja skóla, með það að markmiði að minnka faglega einangrun þeirra sem starfa við sérhæfð verkefni innan skólanna og styrkja lærdómssamfélag.

Það að rýna í eigið starf hefur gefið þeim fagaðilum sem stóðu að þessu þróunarverkefni aukna þekkingu á starfi sínu, því sem þeir hafa fram að færa og hvernig það nýtist með skjólstæðingum þeirra. Þeir hafa greint eigin styrkleika og veikleika sem fagaðilar í stoðþjónustu skóla með hjálp rýnifundanna sem voru jafnt og þétt yfir veturinn. Það sýndi sig að sú stoðþjónusta sem skjólstæðingar verkefnisins fengu jók á virkni þeirra í skólatengdum athöfnum og vakti þá til umhugsunar um eigin ábyrgð á hegðun og líðan. Þær aðferðir sem notaðar voru til að meta árangur íhlutunar voru m.a. sjálfsmat úr Cat kassanum, endurgjöf frá samstarfsfólki og heimili og tölulegar niðurstöður úr matstækjum sem meta hegðun, líðan og færni við daglegar athafnir. Einnig voru framfarir metnar með áhorfi í skólaaðstæðum, hvort sem var innan skólastofunnar eða utan. Allar þessar niðurstöður, auk endurgjafar frá skjólstæðingunum sjálfum, foreldrum, kennurum, öðru starfsfólki skóla, þátttakendum á rýnifundunum og frá utanaðkomandi fagaðilum úr teymisvinnunni, sýndu að helstu markmið verkefnisins náðust, þ.e. *að bæta þjónustu við nemendur sem þurfa einhvers konar aðlögun og að auka hlut náms til að efla virkni og þátttöku nemenda.*

Hvað varðar markmiðið um að innleiða formlegt mat á framvindu náms, líðan og hegðunar nemenda þá gekk það eftir að hluta til. Þátttökuskólarnir ákváðu að fara ekki þá leið að innleiða eitt ákveðið matstæki fyrir hvern þátt heldur völdu að meta og greina iðjuvanda á fjölbreyttan hátt með bæði formlegum og óformlegum matsaðferðum og matstækjum. Það gerðu þeir reglulega til að fylgjast með framvindu þjónustunnar.

Unnið var að fyrstu drögum að gátlista til að samræma vinnubrögð þeirra fagaðila sem koma að stoðþjónustu grunnskólanna. Markmiðið með þeirri vinnu er m.a. að gera vinnuna í kringum hvern skjólstæðing markvissari og skilvirkari þannig að færni hans í daglegum athöfnum aukist, hann taki virkari þátt og búi við bætt lífsgæði. Gátlistinn er gott verkfæri á teymisfundum til að ramma inn vinnuna í kringum nemandann og gefur öllum sem að málum koma góða yfirsýn.

Áhugavert var að sjá hversu mikill samhljómur var í erindum þeirra fyrirlesara sem tóku þátt í málstofunni varðandi heildstæða nálgun á málefnum nemenda í tengslum við hegðun og líðan þeirra. Auk þess var gaman hve gestir málstofunnar tóku virkan þátt og tjáðu almennt ánægju sína með málstofuna, fannst hún gagnleg og áhugaverð. Fjöldi gesta gaf til kynna þörf skólafólks til að hittast, hlusta og ræða saman um fjölbreytt málefni nemenda er lúta að virkni, þátttöku, hegðun og líðan barna og unglunga í skólastarfi.

Umræða um heildstæða þjónustu við börn hefur verið áberandi í máli og riti upp á síðkastið í þjóðfélaginu og bent hefur verið á mikilvægi þess að horfa til fyrsta stigs þjónustu við börn til að fyrirbyggja meiri vanda. Umfangsmikil vinna hefur verið í gangi síðustu misseri á endurskoðun á allri þjónustu við börn á vegum hins opinbera en öll börn flokkast undir fyrsta stigs þjónustu. Bent er á að fyrst og fremst eigi að bregðast við þörfum barnsins í því umhverfi sem það er stadd. Það undirstrikar mikilvægi þess að styðja skóla í að bjóða upp á þverfaglegt starf þar sem fjölbreyttar fagstéttir vinna saman að hagsmunum nemenda. Þannig má ætla að betur nái að vinna að aukinni virkni, vellíðan og námsárangri barna.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum:

- Málþing í Hofi 9. október 2019, ætlað þeim aðilum sem koma að lífi og starfi gunnskólanemenda og láta þeirra málefni sig varða.
- Grein í Løjupjálfa, fagblaði iðjupjálfa.
- Hugsanlega grein í Þroskajálfa, tímarit Þroskajálfafélags Íslands.
- Netsíða um málþingið:
<https://www.smore.com/7nf0g-gerum-gott-betra?ref=email-content#w-091235251>

Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um:

Dagskrá málstofunnar sem haldin var í Leikhúsinu á Möðruvöllum 16. október 2018


- 13.00-13.10 **Kynning á verkefninu Gerum gott betra.**
Hulda Davíðsdóttir proskabjálfi, Sigríður Guðmundsdóttir iðjubjálfi og Valdís Guðbrandsdóttir iðjubjálfi.
- 13.10- 13.30 **Af hverju skiptir máli að greina vanda og mæla framvindu í þjónustu við börn með sértæka námserfiðleika og námsaðlögun á grunnskólaaldri?**
Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir, skólastjóri Þelamerkurskóla og sérfræðingur MSHA (í leyfi).
- Umfjöllun um mælitæki/matstæki/aðferðir sem hægt er að nota í vinnu með nemendum með sértæka námserfiðleika og námsaðlögun.*
- 13.30-14.05 **Framvinda náms.**
Jenný Gunnbjörnsdóttir, kennsluráðgjafi Akureyri.
- 14.05-14.20 **Kaffi.**
- 14.20-15.10 **Líðan/hegðun.**
Halldór Sigurður Guðmundsson, félagsráðgjafi og dósent í félagsráðgjöf hjá HÍ. Þuríður Lilja Rósenbergsdóttir, náms- og starfsráðgjafi í Oddeyrarskóla og Valsárskóla.
- 15.10-15.45 **Færni, virkni, þátttaka.**
Sara Stefánsdóttir, iðjubjálfi og lektor á heilbrigðisvísindasviði hjá HA.
- 15.45-16.00 **Samantekt og málstofulok.**

Dagskrá málþings Gerum gott betra í menningarhúsinu Hofi 9. október 2019

- 12:40** Húsið opnar. Kaffi, te og vatn í boði
- 13:00** Setning málþings
Ingileif Ástvaldsdóttir fyrrverandi skólastjóri Þelamerkurskóla
- 13:15** **Hugmyndafræði og starf De Wijnberg skólans í Venlo í Hollandi**
Annemarie Graus, Behavioural scientist MSc
Esther van Eeten, Policy advisor (quality and business operations)
- 14:10** **Gerum gott betra. Erindi um reynslu og lærdóm af verkefninu**
Valdís Guðbrandsdóttir iðjupjálfi Dalvíkurskóla og Arna Stefánsdóttir þroskajálfi Dalvíkurskóla - glærurnar
Ingunn Heiðdís Yngvadóttir, iðjupjálfi Naustaskóla - glærurnar
Sigríður Guðmundsdóttir, iðjupjálfi Þelamerkurskóla - glærurnar
- 15:30** Kaffihlé með hressingu
- 15:50** **Pallborð um lærdóm dagsins og tækifærin sem hann færir verkefninu til framtíðar**
Dr. Hermína Gunnþórsdóttir, dósent við Háskólann á Akureyri
Jóhann Rúnar Pálsson, skólastjóri Þingeyjarskóla
Jónína Garðarsdóttir, sérkennari Glerárskóla
Karl Frímannsson, sviðsstjóri fræðsluviðs Akureyrarbæjar
Pallborðinu stýrir Anna Guðmundsdóttir sérkennari
- 16:30** **Samantekt**
Dr. Rúnar Sigþórsson prófessor við Háskólann á Akureyri
- 16:45** **Slit**
Málþingsstjóri verður Jón Svanur Jóhannsson verkefnastjóri skólahluta Erasmus+

Hörgársveit, 23. október 2019


Undirskrift verkefnisstjóra


Undirskrift skólastjóra Ábyrgðarskóla
PELAN 601 Akureyri